**Alþingi**
**Erindi nr. Þ** 131/1814
**komudagur** 4.5. 2005

RITHÖFUNDASAMBAND ÍSLANDS

• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ISLANDS FÖRFATTERFÖRBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Gunnarshúsi 3. maí 2005

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heiðurslaun listamanna**

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um heiðurslaun listamanna, Þskj. 145 - 145. mál.
Stjórnin fagnar tillögunni og mælir eindregið með því að Alþingi samþykki hana. Það hlýtur að teljast eðlilegt og þarft að heiðurlaun listamanna eigi sér stoð í ályktun sem þessari, þannig að þau séu hafin yfir deilur sem um þau kunna annars að skapast.
Heiðurslaunin hafa á undanförnum áratugum verið afar mikilvæg viðurkenning þeim listamönnum sem þeirra hafa notið og þau ákvæði sem í ályktuninni felast og eru fram sett til að skilgreina þá hefð sem ríkt hefur eru ágætlega rökstudd í greinargerð.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður